

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Sandamýri, L223807, byggingarmagn aukið.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Sandamýrar, L223807. Í breytingunni felst að byggingarmagn fyrir gripahús og atvinnuhúsnæði eykst úr 250 m² í 500 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 21. apríl 2026.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. maí 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 19. maí 2026